




Samfylkingin mun ...

*Áherslur og stefnupunktur Samfylkingarinnar á Akureyri
fyrir kjörtímabilið 2006-2010*

XS



 **Samfylkingin**
Akureyri

framboðslisti Samfylkingarinnar á Akureyri 2006

2



1
Hermann Jón Tómasson
47 ára, áfangastjóri



2
Sigrún Stefánsdóttir
39 ára, sölu- og þjónustufulltrúi



3
Helena Puriður Karlsdóttir
39 ára, forstöðumaður



4
Ásgeir Magnússon
56 ára, forstöðumaður



5
Margrét Kristín Helgadóttir
24 ára, háskólanemi



6
Jón Ingi Cæsarsson
54 ára, dreifingarstjóri



7
Linda María Ásgeirsdóttir
40 ára, leiðbeinandi á leikskóla



8
Þorlákur Axel Jónsson
43 ára, menntaskólakennari



9
Jóna Valdís Ólafsdóttir
32 ára, lyfjafræðingur



10
Hermann Óskarsson
55 ára, félagsfræðingur



11
Lára Stefánsdóttir
49 ára, verkefnisstjóri



12
Þorgeir Jónsson
51 árs, verkstjóri



13
Anna Júlíusdóttir
47 ára, verkakona



14
Guðgeir Hallur Heimisson
50 ára, skrifstofumaður



15
Valdís Anna Jónsdóttir
20 ára, framhaldsskólanemi



16
Jón Hjaltason
47 ára, sagnfræðingur



17
Agnes Arnardóttir
45 ára, verslunarmaður



18
Þorsteinn Einar Arnórsson
59 ára, þjónustufulltrúi



19
Ólöf Ása Benediktssdóttir
26 ára, grunnskólakennari



20
Sveinn Arnarson
22 ára, háskólanemi



21
Jóhanna Aðalsteinsdóttir
82 ára, fv. bæjarfulltrúi



22
Gísli Bragi Hjartarson
66 ára, fv. bæjarfulltrúi

XS





Ágætu Akureyringar!

Samfylkingin á Akureyri leggur hér fram megináherslur sínar fyrir komandi bæjarstjórnarkosningar og næsta kjörtímabil. Við göngum til leiks með skýra stefnu sem mótuð er á grundvelli hugsjóna jafnaðarmanna en byggist jafnframt á víðtæku samráði við íbúa á Akureyri. Í stefnu okkar leggjum við höfuðáherslu á fjögur atriði; aukna og betri þjónustu við barnafjölskyldur, gott samfélag fyrir alla, kraftmikið atvinnulíf og umhverfi og skipulag í samræmi við vilja íbúa og þarfir atvinnulífs.

Fjölskyldan í forgangi - góðærið til barnanna

Samfylkingin mun rækta fjölskyldubæinn Akureyri á næstu fjórum árum, fái flokkurinn til þess stuðning að leiða stjórn bæjarfélagsins. Við byggjum framtíðina á því fólki sem nú er að vaxa úr grasi. Fjármunir sem fara í skóla- og fjölskyldumál, áfengis- og vímuvarnamál og íþróttir og tómstundir eru fjárfesting í bjartari framtíð fyrir unga fólkið í bænum og samfélagið allt.

Akureyri - gott samfélag fyrir alla

Það er skylda okkar að styðja vel við bak þeirra sem á stuðningi þurfa að halda. Það er eitt mikilvægasta hlutverk samfélagsins að auka lífsgæði þeirra sem höllum fæti standa og þess vegna tölum við fyrir bættri þjónustu við aldraða og aðra hópa sem þurfa á stuðningi að halda. Við viljum að allir fái að njóta lífsins gæða.

Afl í atvinnulífið

Atvinnulífið er kjölfestan í samfélaginu sem bæjarfélagið getur með margvíslegum hætti stutt. Samfylkingin mun með víðtækum hætti vinna að almennri eflingu atvinnulífsins, huga bæði að hagsmunum þeirra atvinnufyrirtækja sem fyrir eru og atvinnunýsköpun og laða fyrirtæki til bæjarins. Flokkurinn boðar frumkvæði og vöxt með þátttöku allra – líka bæjarfélagsins. Öflugt atvinnulíf er forsenda öflugs samfélags.

Umhverfi og skipulag - í sátt við íbúana

Samfylkingin leggur áherslu á að í umhverfis- og skipulagsmálum fái hagsmunir og sjónarmið hins almenna bæjarbúa aukið vægi. Lífandi miðbær, greið og örugg umferð, aukin áhersla á uppbyggingu göngu- og hjólréiðastíga eru meðal áhersluatriða í stefnu okkar Með góðu skipulagi og áherslu á umhverfismál löðum við að fólk og fyrirtæki og leggjum grunn að betra mannlífi í bænum.

Markmið Samfylkingarinnar á Akureyri í bæjarstjórnarkosningum í vor er að leysa núverandi meirihluta frá völdum og mynda nýjan meirihluta. Samfylkingin á Akureyri er tilbúin til að vinna að kraftmeiri Akureyri á næsta kjörtímabili. Til þess að þetta megi takast þurfum við á þínum stuðningi að halda.

Frambjóðendur Samfylkingarinnar á Akureyri 3

NÝJAN MEIRIHLUTA Í BÆJARSTJÓRN Í VORI!

fjölskyldan í forgangi - góðærið til barnanna

Það þarf líka aðstöðu fyrir skólastarfi

Samfylkingin mun ...

... byggja grunnskóla í Naustahverfi þannig að starfsemi þar geti hafist haustið 2008.

... byggja íþróttahús við Gíljaskóla.

... byggja fjölnota íþróttahús í Hrísey og búa tækjum og búnaði þannig að það nýtist að fullu.



Góður skóli fyrir alla!

Samfylkingin mun ...

- ... afnema skólagjöld í leikskólum á kjörímabilinu.
- ... aukka fjárframlög til skóla bæjarins til að stuðla að þróun kennsluáferða.
- ... leggja aukna dñerslu á verk- og listnám í skólastarfinu.
- ... ráða náms- og starfsráðgjafa að öllum grunnskólum bæjarins.
- ... liðka fyrir auknu samstarfi Tónlistarskólans og leik- og grunnskóla.
- ... vinna með framhaldsskólunum að því að draga úr brottfalli nemenda.

allir með



Skoðið útfærslu stefnumála og ítarefni stefnuskrár á www.samak.is

4



Hermann Jón Tómasson: „Við ætlum að skapa hér bestu skilyrði fyrir barnfjölskyldur, með góðum skólum og öflugum íþrótt- og tómstundastarfi. Á þann hátt tryggjum við framtíð barnanna og bæjarins.“

Forvarnir hafa aldrei verið jafnmikilvægar

Samfylkingin mun ...


- ... auka formlegt samstarf bæjarins og framhaldsskólanna um forvarnir.
- ... beita sér fyrir sameiginlegu átaki skóla, heimila og bæjaryfirvalda gegn fíkniefnaneyslu barna og unglinga.
- ... leggja áherslu á sjálfsstyrkingu ungmenna í skólastarfi.
- ... vinna að því að bæjaryfirvöld beiti sér fyrir því að opnuð verði meðferðarstöð fyrir þá sem villst hafa af brautinni og misst tæk á lífi sínu.



Menning og listir fyrir börn

Samfylkingin mun ...

- ... efna til alþjóðlegrar barnamenningarviku.
- ... efla samstarf menningarstofnana, listamanna og grunnskóla og veita fé í þróunarstarf á sviði sköpunar í grunnskólum.
- ... koma upp formlegu svæði fyrir veggjakrot (graffiti).
- ... bjóða ungmennum skapandi störf á sumrin á vegum bæjarins.



akureyri - gott samfélag fyrir alla

Skotið útfærslu stefnumála og ítarefni stefnuskrár á www.samak.is

6



Áhersla á íþróttir og tómstundir fyrir börn og unglunga

Samfylkingin mun ...

- ... standa að stofnun íþróttaskóla og að aukið tómstundastarf fyrir nemendur í fyrstu bekkjum grunnskóla verði hluti af samfelldum skóladegi.
- ... niðurgreiða íþrótt- og tómstundastarf grunnskólabarna um 15.000 kr. á ári.
- ... byggja fullkomna aðstöðu fyrir fimleikaiðkun nú þegar.
- ... vinna að flutningi aðstöðu Siglingaklúbbsins Nökkva inn að Leiru og byggja upp góða aðstöðu þar með smábátahöfn og fjöru.
- ... byggja upp þjónustumiðstöð í Hlíðarfjalli.
- ... bæta aðstöðu í eldri félagsmiðstöðvum til samræmis við þær nýju.
- ... vinna að því að hver félagsmiðstöð unglunga hafi umsjónarmann í fullu starfi.



Sigrún Stefánsdóttir: „Málefnum aldraðra hefur engan veginn verið sýndur sá sómi af stjórnvöldum sem þetta góða fólk á skilið. Við erum í liði með öldruðum í hagsmunabaráttu þeirra.“

Virkjum íbúana með íbúalýðræði!

allir með

Samfylkingin mun ...

- ... breyta fyrirkomulagi bæjarstjórnarfundna til að auðvelda umræðu um hagsmunamál bæjarbúa á hverjum tíma og gera hana aðgengilegri fyrir bæjarbúa.
- ... efla hverfanefndir og skilgreina betur formlegt hlutverk þeirra og samskipti við stjórnsýsluna.
- ... setja reglur um samráð við íbúa varðandi skipulagsmál og hvencær efna skuli til borgarafunda og/eða atkvæðagreiðslna meðal íbúa sveitarfélagsins um málefni þess.
- ... vinna að stofnun unglingaráðs sem fjalli um ýmis málefni og framkvæmdir í bænum sem varða unglunga og áhugasvið þeirra.



Aldraðir Akureyringar eiga rétt á góðri þjónustu

Samfylkingin mun ...

- ... standa að uppbyggingu fjölbreyttra búsetukosta fyrir aldraða. Aldraðir og aðstandendur þeirra eiga að geta valið um þann kost sem best hentar, búsetu á eigin heimili, í þjónustuíbúð eða á elliheimili.
- ... sjá til þess að í boði verði nægilegur fjöldi hjúkrunarrýma í einbýli fyrir alla þá sem á þurfa að halda.
- ... efla heimaþjónustu og heimahjúkrun.
- ... leggja áherslu á heilsurækt og fyrirbyggjandi starf fyrir eldra fólk með það að markmiði að tryggja betri heilsu og meiri lífsgæði eldri borgara.
- ... stuðla að öfluglu félagsstarfi í samstarfi við Félag eldri borgara. Áhersla verður lögð á að frumkvæði og skipulag komi frá eldri borgurum sjálfum.
- ... vinna að því að eldri borgarar eigi aðgang að góðri lækniþjónustu.



Bæjarstarfsmenn grunnur góðrar þjónustu!

Samfylkingin vill búa vel að starfsfólki Akureyrarbæjar og tryggja þannig forsendur góðrar þjónustu við bæjarbúa.

Samfylkingin mun ...

- ... auka áherslu á símenntun fyrir starfsmenn bæjarins.
- ... borga starfsmönnum bæjarins samkeppnishæf laun.
- ... leggja sérstaka áherslu á vinnu að starfsmannamálum með það að markmiði að auka starfsánægju bæjarstarfsmanna.

akureyri - gott samfélag fyrir alla

Fatlaðir þurfa á stuðningi samfélagsins að halda

Skotið útfærslu stefnumála og ítrefni stefnuskiár á www.samak.is

Samfylkingin mun ...

- ... vinna að einstaklingsmiðaðri þjónustu fyrir fatlaða með áherslu á persónulega ráðgjöf og virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti.
- ... bæta þjónustu innan skólakerfisins með fjölgun sérhæfðra starfsmanna, t.d. iðjuþjálfra og þroskaþjálfra.
- ... bæta aðgengi að stofnunum bæjarins.
- ... styðja samtök sem vinna að málefnum geðfatlaðra.
- ... styðja við félagsstarf geðfatlaðra og vinna að því að efla það.
- ... vinna að lausn búsetu- og meðferðarmála fólks með vímuefnavanda og geðraskanir.

allir með



Margrét Kristín Helgadóttir: „Í góðærinu vilja þeir þjóðfélagshópar gleymast sem helst þurfa á samfélagslegri hjálpi að halda. Samfylkingin leggur áherslu á að koma þessum hópum til hjálpar.“



Akureyri fyrir alla, óháð efnahag!

Samfylkingin mun ...

- ... tryggja öllum húsnæði við hæfi, óháð efnahag og félagslegri stöðu.
- ... setja fram aðgerðaáætlun til að bæta stöðu fátækra í sveitarfélaginu hvað varðar húsnæðismál og aðra þjónustu bæjarins.
- ... vinna með samtökum sem styðja þá sem minna mega sín í samfélaginu.



Við þurfum að taka vel á móti nýjum Íslendingum

Samfylkingin mun ...

- ... efla Alþjóðastofu þannig að starfsfólk hennar geti betur sinnt því hlutverki sínu að vera málsvari nýbúa og vettvangur fyrir málefni þeirra.
- ... ráða til starfa á Alþjóðastofu fólk af erlendu bergi brotið til að skapa betri tengingu við nýbúa af mismunandi þjóðerni.
- ... veita fjármagn til námskeiðahalds og fræðslu fyrir nýbúa.
- ... halda fjölþjóðadag eða -daga í þeim tilgangi að auka kynni Akureyringa af mismunandi uppruna.

afl í atvinnulífið

Akureyrarstofa fái víðtækt hlutverk í markaðssókn Akureyrar

Samfylkingin boðar stofnun Akureyrarstofu sem fái það hlutverk að vinna að menningar-, ferða-, markaðs- og atvinnumálum á Akureyri.



Akureyri fyrir ferðamenn!

Samfylkingin mun bæta þjónustu við ferðamenn með því að ...

- ... byggja upp safnasvæði á Krókeyri. Á safnasvæðinu verði meðal annars náttúru- og náttúrugripasafn, ræktunarsafn, trjá- og runnasafn og atvinnusafn.
- ... efla „Gamla bæinn“ og gera sýnilegar „dyr“ að honum frá miðbæ.
- ... gera bæinn aðlaðandi og áhugaverðan fyrir ferðamenn. Leggja rækt við umhirðu og frágang þeirra svæða sem bærinn hefur umsjón með.
- ... bæta merkingar í miðbænum og láta útbúa kort af bænum þar sem merktir eru allir helstu staðir sem vert er að skoða.
- ... hugað verði betur að útilistaverkum bæjarins, þau hreinsuð og gert við þar sem við á. Tryggt verði fjármagn til eðlilegs viðhalds á listaverkunum.
- ... Akureyrarbær haldi úti öflugum viðburðadagatali á Netinu um menningartengda viðburði í bænum.

Skoðið útfærslu stefnumála og ítarefni stefnuskiár á www.samak.is



Helena Karlsdóttir: „Samfylkingin ætlar að stórauka drifkraft í markaðssókn fyrir bæinn út á við með stofnun Akureyrarstofu. Sú sókn mun skila okkur atvinnutækifærum á mörgum sviðum.“



Háskólinn er forsenda þróunar atvinnulífs bæjarins

Samfylkingin mun ...

- ... auka hlutfé Akureyrarbæjar í Þekkingarvörðum ehf. um 5 milljónir og leggja fram allt að 40 milljónum í hlutfé Orkuskóla á Akureyri.
- ... þrýsta á um að ríkisvaldið geri vaxtarsamning við Háskólann á Akureyri sem hafi það meginmarkmið að stórefla starfsemina og fjölga nemendum og kennslusviðum skólans í markvissum skrefum á næstu 5-10 árum.

Góðar samgöngur eru atvinnumál!

Samfylkingin mun ...

- ... vinna að eflingu almenningsamgangna innan sveitarfélagsins. Íbúar Hríseyjar geti nýtt sér ferjuferðir vegna sóknar í atvinnu eða þjónustu endurgjaldslaut. Hætt verði að innheimta strætisvagnafargjöld á Akureyri.
- ... vinna að því að stofna til rekstrar Eyjafjarðarstrætós.
- ... þrýsta á um að ráðist verði strax í lengingu Akureyrarflugvallar.
- ... vinna að því að tryggja millilandaflug beint frá Akureyri til eflingar atvinnu- og mannlífs.
- ... beita sér fyrir að framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng hefjist sem fyrst.



afl í atvinnulífið

Skoðið útfærslu stefnumála og ítarefni stefnuskrár á www.samak.is



Akureyri sem höfuðstaður Norðurlands

Samfylkingin mun ...

- ... efla bæinn sem miðstöð opinberrar þjónustu á landsbyggðinni.
- ... vinna að því að bærinn taki í eitt skipti fyrir öll við þeim verkefnum sem hann hefur til þessa sinnt sem reynslusveitarfélag, þ.e. öldrunarþjónustu, heilsugæslu og málefnum fatlaðra.
- ... vinna að því að löggæslan í bænum verði í forsjá sveitarfélagsins.
- ... beita sér fyrir að ný matvælarannsóknarstofnun verði staðsett á Akureyri og í tengslum við Háskólann á Akureyri.
- ... vinna skipulega með ríkisstofnunum í bænum að því að efla starfsemi þeirra.
- ... leggja áherslu á að fjölga opinberum stofnunum á Akureyri.

12



Linda María Ásgeirsdóttir: „Rödd okkar Hríseyinga þarf að heyrast, líkt og raddir allra annarra íbúa sveitarfélagsins. Ég treysti Samfylkingunni til góðra verka fyrir Hríseyinga.“



Huga þarf að sérstöðu Hríseyjar

Samfylkingin mun ...

- ... standa vörð um skólastarfið í eyinni.
- ... vinna að eflingu sjávarútvegs í Hrísey og skipta þeim kvóta sem sveitarfélagið fær (byggðakvóta) á útgerðir í sátt við íbúa eyjarinnar.
- ... skoða sérstaklega möguleika ferðapjónustu í Hrísey og geri áætlun um eflingu hennar.
- ... vinna að áframhaldandi uppbyggingu safna í eyinni.
- ... leggja áherslu á Hrísey sem vistvænt samfélag.
- ... byggja fjölnota íþróttahús í Hrísey.

allir með

Menningin er líka atvinna!

Samfylkingin mun ...

- ... efla Menningarsjóð Akureyrar og starfslaunasjóð listamanna og úthluta listamannalaunum í 15 mánuði í stað 12 eins og nú er.
- ... skipuleggja og tryggja samstarf við ríkið um rekstur Menningarhúss.
- ... vinna að áframhaldandi vexti atvinnuleikhúss á Akureyri.
- ... tryggja Listasafni Akureyrar svigrúm til vaxtar.
- ... styðja áframhaldandi öflugt starf Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands.
- ... efna til framleiðslu upplýsingaefnis sem kynnir þjónustu og afþreyingu sem boðin er í sveitarfélaginu.
- ... setja markmið um að keypt verði a.m.k. eitt útilistaverk á hverju kjörtímabili.



umhverfi og skipulag - í sátt við íbúana

Skipulag fyrir einstaklinga og fyrirtæki

Samfylkingin mun ...

- ... auka framboð einbýlishúsalóða sem tryggir að einstaklingar sem vilja byggja geti ávallt fengið lóð.
- ... auka og bjóða fjölbreyttari lóðir undir atvinnustarfsemi sem tryggir að lóðaskortur komi ekki í veg fyrir atvinnuuppbyggingu eða stækkunarmöguleika fyrirtækja.
- ... tryggja atvinnurekendum, sem starfa við að byggja og selja fasteignir, byggingalóðir fyrir starfsemi sína miðað við umfang.
- ... vinna með byggingasamvinnufélögum þannig að þau geti haldið áfram uppbyggingu húsnæðis fyrir sína félagi.



Opin svæði – græn svæði – stígar

allir með

Samfylkingin mun ...

- ... gera úttekt á öllum opnum og grænum svæðum í bæjarlandinu og skilgreina framtíðarnotkun þeirra og varðveislugildi.
- ... vinna að þéttingu byggðar í sátt við íbúa.
- ... tvöfalda árlegt framlag bæjarins til gerðar hjólreiða- og göngustíga.
- ... tengja helstu útivistarsvæði bæjarins við byggðina með góðum göngu- og hjólreiðastígum. Fyrsta verkefnið verði að tengja Kjarnaskóg við aðra hluta bæjarins með slíkum stígum.

Gott og öruggt gatnakerfi

Samfylkingin boðar ...

- ... að Miðhúsabrautin verði lögð strax til að minnka álag þungaflutninga um Mýrarveg og Þórunnarstræti. Lögð er áhersla á að lega Miðhúsabrautar tryggi eðlilegt flæði umferðar af Hlíðarbraut að Naustahverfi.
- ... að Dalsbraut verði lögð til að tryggja eðlilegar samgöngur milli bæjarhluta vegna aukins íbúafjölda og aukinna byggingaframkvæmda í Naustahverfi.
- ... að leggja beri áherslu á að tryggja umferðaröryggi eins vel og kostur er við þessar framkvæmdir og verði allir kostir skoðaðir í þeim efnum.
- ... að aukið umferðaröryggi á götum bæjarins verði sérstakt átaksverkefni í starfi bæjarins.



Ásgeir Magnússon: „Við þurfum að auka framboð á einbýlishúsalóðum og lóðum til atvinnurekstrar. Það er óviðunandi að bæjarbúar þurfi að leita í nágrennasveitarfélög effir byggingarlóðum.“

Lifandi miðbær

Samfylkingin er fylgjandi endurskipulagningu miðbæjarins og leggur áherslu á lifandi miðbæ sem þjónar hagsmunum bæjarbúa, miðbæ sem laðar að sér fólk og fyrirtæki og iðar af lífi frá morgni til kvölds.

Samfylkingin telur ...

- ... að byggja eigi á hluta þeirra bílastæða sem nú eru í miðbænum og að jafnframt verði ráðist í uppkaup á byggingum á Sjallareit svo nýta megi hann til bygginga.
- ... að skoða verði vandlega allar hugmyndir sem fram koma um breytingar á miðbænum sem tryggi lifandi og spennandi miðbæ. Gröftur á síki frá Torfunefi að Skipagötu er á engan hátt forsenda fyrir endurskipulagningu miðbæjarins.
- ... óráð að þrengja Glerárgötuna og fækka þar akreinum í tvær eins og tillaga að breyttu aðalskipulagi miðbæjarins gerir ráð fyrir.

Útivistarsvæði og fólkvangar

Samfylkingin stefnir á ...

- ... að gera Glerárdal að fólkvangi og Krossanesborgir aðgengilegar með stígum, göngubrúum og merkingum.
- ... að gera óshólma Eyjafjarðarar aðgengilega í samvinnu við Eyjafjarðarsveit og Flugmálastjórn.
- ... að leggja göngustíga við Glerárgil.
- ... að stofna embætti umsjónarmanns friðlanda.

Íþróttavellir




Samfylkingin hefur að stefnumáli ...

- ... að þegar Akureyrarvöllur hefur verið lagður af skuli svæðið tekið undir blandaða notkun, íbúðabyggð, verslanir og þjónustustarfsemi.
- ... að byggja nýja aðalvelli í samstarfi við íþróttafélögin KA og Þór á félagssvæðum þeirra.
- ... að frjálsíþróttaaðstaða verði byggð á svæði íþróttafélagsins Þórs þannig að hún verði tilbúin fyrir landsmót UMFÍ 2009.

Komum sorpinu á hreint!

Samfylkingin mun ...

- ... standa að stofnun hlutafélags um sorpvinnslu við Eyjafjörð. Leitað verði til sveitarfélaga og atvinnurekenda með aðkomu að hlutafélaginu.
- ... vinna að skipulagningu og koma á flokkun sorps við heimili og fyrirtæki.
- ... setja upp minni skilastöðvar í hverfum bæjarins fyrir flokkað heimilissorp.
- ... koma á laggirnar jarðgerðarstöð fyrir lífrænan úrgang í samræmi við ítrustu kröfur.
- ... útbúa flokkunar- og vinnslusvæði fyrir sorp.
- ... sjá til þess að allt sorp til urðunar verði baggað.
- ... finna nýjan urðunarstað fyrir baggað sorp.



NÝJAN MEIRIHLUTA Í BÆJARSTJÓRN Í VOR!

